

Ea.

185. Nefndarálit

um frumv. til laga um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Jeg undirritaður gat ekki orðið meðnefndarmönnum mínum samferða um að leggja til, að frumv. þetta næði samþykki háttv. efri deildar.

Með frv. þessu vill ríkisstjórnin koma á fót rannsóknarstofu, er hafi á hendi allar þær rannsóknir, sem taldar eru í 2. gr. frv., 1.—5. lið. eru störf þessi afarólíks eðlis, svo sem:

1. Efnifræðislegar rannsóknir.
2. Gerla- og sýklarannsókn.
3. Fjörvirannsóknir.
4. Jurtasjúkdómar.
5. Rannsóknir, sem heyra undir allar þessar tegundir.

Ekki verður af frumv. þessu sjéð, hve viðtæk þessi rannsóknarstofa eigi að verða, hve mörgum starfsmönnum hún eigi að hafa á að skipa, eða hve mikil eða margskonar tæki, hvort stofan eigi að einhverju leyti að hafa á hendi efnifræðis- eða sýklarannsóknir. Að vísu á efnarannsóknarstofu ríkisins og rannsóknarstofu

háskólans að vera skylt að inna þau störf af hendi, er þessar rannsóknarstofur hafa tæki til, en hin ekki, en ekki nánar ákveðið um störf þeirra.

Nú er það svo, að mikill meiri hluti eða mestur hluti þeirra starfa, er hinni væntanlegu rannsóknarstofu eru ætluð, fellur undir þessar tvær rannsóknarstofur, ríkisins og háskólans. Það vill líka svo vel til, að forstaða þessara tveggja stofnana er skipuð vel mentum sjerfræðingum, hverjum í sinni grein. En sá er þó hængur á, að báðar þessar rannsóknarstofur hafa átt við fjárhagslega erfiðleika að stríða, og þar sem þær hafa báðar haft miklum og mörgum störfum að gegna, en hafa ónógt húsrúm og ónóga aðstoð, er ósennilegt, að þær geti bætt við sig nýjum og vandasömum störfum, nema þeim sje veittur allríflegur styrkur til bættis og aukins húsrúms og til aukinnar aðstoðar.

Rannsóknarstofa háskólans hefir að mjög litlu leyti verið kostuð af ríkisfje, en að mestu leyti af sáttmálasjóði. Þessi rannsóknarstofa hefir sjerstaklega haft við erfiðan fjárhag að stríða og vantar meira og betra húsrúm og meiri aðstoð, ekki síst ef á hana bætast ný störf. Eins og nú er, er ekki hægt að skylda hana til að inna ný störf af hendi fyrir hina væntanlegu rannsóknarstofu.

Í frumv. er ekki hin minsta tilraun gerð til þess að áætla um stofnkostnað eða árlegan rekstur hinnar væntanlegu rannsóknarstofu. Er það eitt ærið til þess að gleypa ekki við því umhugsunarlaust. Í frumv. er aðeins tekið fram, að allur kostnaður við stofnun og rekstur stofunnar skuli greiddur úr ríkissjóði, og í fjárlögum ákveðið nægilegt fje til stofnkostnaðar og rekstrar. Ríkisstjórnin ræður stofunni forstöðumann með nægilega vísindalega mentun. Tæplega mun nokkur maður vera vel mentur sjerfræðingur á öllum þeim sviðum, sem frumv. telur upp. Um laun forstöðumanns og aðstoðarmanna er ekkert getið, hver verða skuli.

Að öllu athuguðu virðist frumv. þetta svo ljelega undirbúið, að við það er ekki unandi.

Samt sem áður telur minni hluti nefndarinnar bráða nauðsyn bera til þess, að rannsakaðir sjeu sem allra fyrst að tók eru á ýmsir búfjársjúkdómar, og vil jeg þar fyrst til telja þann kvilla, sem veldur miklum dauða unglamba á vorin, sjerstaklega þegar seint grær, og orsakar feikna tjón í mörgum sveitum þessa lands.

Jeg mun, er fjárlagafrumv. kemur hjer til meðferðar, gera tillögu um, að fje verði veitt stjórninni til umráða til rannsóknar á búfjársjúkdómum.

Minni hlutinn álitur málið mjög þarft, og einmitt þess vegna eigi að búa það svo vel undir sem frekast eru fong á. Slíkur undirbúningur er ekki enn gerður og ekki unt að framkvæma hann á þingtímanum. Þess vegna telur minni hlutinn ekki annað fært en að vísa málinu til stjórnarinnar, og leggur til, að það sje gert með svo hljóðandi rökstuddri

DAGSKRÁ:

Með því að deildin telur málið mikilsvert, en ekki nægilega undirbúið, ályktar húa að vísa því til stjórnarinnar til frekari undirbúnings og væntir þess,

að honum verði lokið svo snemma, að stjórnin geti lagt fyrir næsta þing
frumv. um þetta efni.

Alþingi, 21. mars 1929.

Jónas Kristjánsson.